

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

15. maí 2012


Umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, með síðari breytingum, 689. mál

Frumvarpið gerir ráð fyrir að lokamálsliður 1. mgr. 12. gr. laganna falli brott, en skv. honum koma aðrir styrkir ríkisins til hitaveitu eða byggingar hennar til frádráttar við úthlutun styrks til stofnunar nýrrar hitaveitu. Líkt og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið getur það verið verulega íþyngjandi fyrir smærri jarðhitaverkefni – þar sem sjálf jarðhitaleitin getur verið álíka kostnaðarsöm og við mun stærri verkefni – ef allur stofnstyrkurinn þurrkast út vegna þess opinbera fjármagns sem lagt var í jarðhitaleitina. Ákvæðinu hefur alls fimm sinnum verið beitt frá árinu 2003 og frádrátturinn hefur samtals numið 26 milljónum króna. Ljóst er því að hér er um óverulega hagsmuni að ræða fyrir ríkissjóð til skamms tíma, á sama tíma og um verulega hagsmuni getur verið að ræða fyrir viðkomandi svæði, auk þess sem húshitun verður jafnvel hagstæðari í framhaldinu fyrir íbúana jafnt sem ríkissjóð (vegna brottfalls styrkja til húshitunar á svonefndum köldum svæðum).

Samorka styður því að frumvarpið verði samþykkt.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,



Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri